



RÍKIR GOTT SIÐFERÐI Í ÍPRÓTTUM?

**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á ráðstefnu
Siðfræðistofnunar Háskóla Íslands
4. nóvember 2017**

Rektor Háskóla Íslands,
aðrir góðir gestir

Ég fagna þessu framtaki, að boða til ráðstefnu um siðferði í íþróttum. Öll vitum við, sem höfum dálæti á keppni, hreysti og hreyfingu, að heiðarleika þarf að hafa í hávegum. Ef við leitum aftur í sagnaarf okkar liggur beint við að hampa hinum mikla kappi, Kjartani Ólafssyni. „Allar íþróttir hafði hann mjög umfram aðra menn“, segir í Laxdælu, syndur manna best og hraustari en aðrir, vinsæll og gjafmildur – og heiðarlegur. Frekar léti hann lífið en hafa rangt við. „Víst ætlar þú frændi níðingsverk að gera,“ sagði hann við fóstbróður sinn Bolla, „en miklu þykir mér betra að þiggja banorð af þér frændi en veita þér það.“

Blessunarlega snúast íþróttir samtímans ekki um líf eða dauða. Að vísu þekkjum við sorgleg dæmi um böll heiftar og grimmdar í íþróttum; Andrés Escobar, leikmaður karlalandsliðs Kólumbíu í knattspyrnu, var veginn á götu úti fyrir sjálfsmark í heimsmeistarakeppni árið 1994, lið Íraks sætti skelfilegum pyntingum eftir ósigrá í valdatíð Saddams Husseins. Hér höfum við dauðans alvöru, hörmulegar öfgar. En svo má líka nefna ákafa sem tekur á sig saklausari myndir. Heitir aðdáendur Diego Maradona stofnuðu trúfélag um þetta goð sitt, „Iglesia Maradona“ og bæn þeirra byrjar á orðunum „Diego vor, þú sem ert á vellinum.“ Og þá eru fleyg þau ummæli bandaríks þjálfara að sigur sé ekki aðalatriðið, heldur það eina sem skipti máli – „Winning isn't the main thing, it's the only thing.“

Og hvað verður þá um siðferðið? Má kosta öllu til í leit að sigri? Í mörgum íþróttagreinum okkar daga er sífellt erfiðara að góma svindlara sem neyta stera og óvandaðra meðala til að klekkja á heiðarlegum keppinautum. Þá er mútupægni vaxandi vandi; leikmenn, dómarmenn og aðrir hagræða úrslitum, oftast en ekki í tengslum við veðmál. Vissulega eru þetta ekki ný tíðindi. Árið 267 sömdu feður tveggja ungra glímukappa í Egyptalandi um ósigur annars þeirra og kostuðu þau vélabrögð asnaverð. Samkomulagið var fært í letur, hið elsta í heimi um pretti af þessu tagi.

Nú um stundir er talið að brögð séu í tafla í einum leik af hverjum hundrað í heimi íþróttanna, hið minnsta. Kapp og von um illa fenginn gróða hleypur með fólk í gönur, það fellur í freistni. Vart þarf að deila um nauðsyn þess að taka á lyfjamisferli og fjárglæfrum. En svo eru til annars konar klækir. Maradona svindlaði þegar hann kýldi boltann í mark í leik á móti Englandi en sagði að „hönd Guðs“ hefði verið að verki – og svo allrar sanngirni sé gætt verður að geta þess að fjórum mínútum síðar sýndi hann listir um allan völl sem lauk svo með besta knattspyrnumarki allra tíma, að margra mati.

Í sumum íþróttum er það orðið að listgrein að gera sér upp meiðsli, engjast af meintum kvölum í þeirri von að dómari refsí móttherjanum, og mættu menn þá aftur minnast kapp okkar úr fornsögunum. Í Gunnlaugs sögu Ormstungu segir frá því að söguhetjan gekk fyrir Eirík jarl Hákonarson, með mikinn sull á fæti en var þó óhaltur, og þegar jarl hafði orð á því svaraði okkar maður: „Ei skal haltur ganga meðan báðir fætur eru jafnlangir.“ Mætti margt íþróttafólk hafa þau orð til eftirbreytni.

Hvað er þá til ráða? Framar öllu verðum að gera okkur grein fyrir þeim vanda sem við er að etja, svikum og siðferðisskortri, ekki síst vegna þess að heimur íþróttanna á að vera og getur svo hæglega verið heimur fallegs siðferðis og góðra gilda. „Hraðar, hærra, sterkar“. Þessi einkunnarorð Ólympíuleika að fornu og nýju standa ávallt fyrir sínu. Og sem betur fer eru þeir miklu fleiri sem vilja ná árangri með heiðarlegum hætti en hinir sem beita brögðum. Mörgu íþróttafólki má hampa fyrir heiðarlega framgöngu. Á Ólympíuleikunum í Ríó í Brasilíu í fyrrasumar hrasaði Nikki Hamblin frá Nýja Sjálandi í fimm þúsund metra hlaupi þannig að hin bandaríska Abbey D'Agostino hnaut við en hefði hæglega getað tekið á rás á ný. Þess í stað stumraði hún yfir Hamblin sem hafði slasast. Með því kastaði keppinauturinn frá sér sigurvegum en sýndi sannan íþróttanda og ávann sér aðdáun heimsbyggðarinnar. Þá hljótum við að vera hugsuð yfir himinháum launum íþróttastjarna en kannski er huggun harmi gegn að sumar þeirra láta í einlægni gott af sér leiða. Serena Williams, Maria Sharapova, Michael Phelps og margir fleiri hafa getið

sér gott orð fyrir að verja stórfé og dýrmætum tíma í að styðja góðgerðarsamtök. Þar ganga þau á undan með góðu fordæmi.

Höfum líka í huga, kæru vinur, einkunnarorð Íþróttasambands fatlaðra: „Stærsti sigurinn er að vera með.“ Mín fyrsta utanferð í embætti forseta var á Paralympics, Ólympíuleika fatlaðra í Ríó. Þar kynntist ég íþróttum og íþróttafólki sem ég vissi vart um áður. Eftirminnilegt var að horfa á keppni í hjólastólakörfubolta eða markbolta þar sem þrír blindir í liði reyna að skora í mark mótherjans. Í sundinu sá ég fólk án handa eða fóta þjóta áfram í vatninu.

Þarna var stórsigur að vera með en auðvitað stefndi fólk að því að vera fremst meðal jafningja – „hraðar, hærra, sterkar“. En þarna kom líka í ljós sigur mannsandans. Þarna í Ríó urðum við sem fylgdumst með vitni að því hvernig keppendur sýndu einstæðan viljastyrk og dugnað til að sigrast á stóreflis hindrunum – hindrunum sem hefðu eflaust bugað marga. Tökum samt eftir að meira að segja á þessum vettvangi hefur verið reynt að hafa rangt við, þar sem síst skyldi, finnst manni – og koma þá orð sálmaskáldsins jafnvel í hugann:

Hryggileg hrösun henti
heilagan drottins þjón.
Syndin mjög sárt hann spennti,
sálar var búið tjón.

Vart þarf að taka fram að aldrei hefur nokkuð misjafnt verið hermt upp á okkar ágæta íþróttafólk í heimi fatlaðra. Þau hafa haldið í heiðri hin góðu gildi að hafa rétt við en leggja sig um leið allan fram. Og þá koma að lokum í hugann þau orð sem þátttakendur á Ólympíumóti þroskakertra, Special Olympics, halda á lofti. „Ég stefni að sigri en nái ég ekki settu marki skal ég samt hafa gert mitt besta.“

Þarna höfum við kjarna málsins og því besta verður aldrei náð með röngu eða illu. Margt annað má ræða þegar huga skal að siðferði í íþróttum, ekki síst hvernig æfingar og keppni barna eiga að miðast við að efla sjálfstraust þeirra og sjálfsímynd og brýna fyrir þeim mikilvægi samvinnu og heiðarleika, mikilvægi þess að gætt sé að jafnrétti kynjanna og allir fái að njóta sín á eigin forsendum. Þá þarf að sporna gegn kynþáttafordómum og hvers kyns mismunun.

Þrátt fyrir annir í embætti hefur mér tekist að fylgjast með eigin börnum á íþróttamótum og ég leyfi mér að vera bjartsýnn. Þess gætir ekki að ungdómurinn reyni að hafa rangt við og gleði ræður ríkjum. Þjálfarar eru einatt starfi sínu vaxnir og mótshaldarar sömuleiðis. Foreldrar og forráðamenn haga sér nær alltaf skikkanlega á hliðarlínunni þótt mér sé

reyndar minnisstætt eitt atvik þegar flottur fótboltastrákur skundaði upp kantinn og pabbi hans hrópaði og pataði: „Gefðu hann fyrir, nei! Farðu áfram! Núna!“ Staðnæmdist stráksi þá með boltann, sneri sér upp í stúku og hrópaði: „Hætt‘essu! Það er ég sem er að spila.“ Roðnaði þá hið kappsama foreldri og hafði hægt um sig.

Látum kappið ekki bera fegurðina ofurliði. Leggjum áherslu á gott siðferði í íþróttum og heilbrigða sál í hraustum líkama, fyrir keppnina sjálfa og lífið allt. Ég fagna þessu mikilvægi málþingi. Gangi ykkur vel.